

Reykjavík, 29. október 2013

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um stimpilgjald, 4. mál.**

SFF fagna frumvarpi til laga um stimpilgjald og þeirri einföldun við framkvæmd og álagningu stimpilgjalds sem stefnt er að með frumvarpinu. SFF telja að verði frumvarpið að lögum verði mikilvægt skref stigið til að afnema stimpilgjald af ýmsum viðskiptabréfum og að breytingin muni styrkja samkeppni á fjármálamarkaði.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var við vinnslu frumvarpsins tekið mið af skýrslu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði. SFF áttu fulltrúa í þeim hópi. Í vinnu starfshópsins lögðu SFF áherslu á að mikilvægt væri að bæta við frumvarpið sérstakri undanþágu frá stimpilgjaldi vegna yfirtöku eigna í tengslum við samruna eða skiptingu félaga í samstæðu, svo sem frá móðurfélagi til dótturfélags. Slík yfirfærsla hefur verið talin stimpilfrjáls skv. 2. mgr. 16. gr. núgildandi laga nr. 36/1978. Í starfsemi fjármálafyrirtækja getur verið nauðsynlegt að reka dótturfélag til að halda utan um tilteknar eignir. Sem dæmi má nefna að bankar fela gjarnan dótturfélögum að bera ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun fullnustueigna sem bankinn eignast í kjölfar fullnustuaðgerða eða annars konar skuldaskila og hyggst selja. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun kostnaður við þessa umsýslu hækka gríðarlega. Það á einnig við um ef móðurfélag ákveður að slíta dótturfélagi þannig að fasteignir dótturfélagsins renni inn í móðurfélagið. Þetta getur hamlað fyrirtækjum að skipuleggja rekstur sinn með eðlilegum hætti. SFF leggja því til að að bætt verði inn í 6. gr. frumvarpsins svohljóðandi d. og e. liðum:

*d. Skjöl er sýna yfirfærslu fasteigna milli móðurfélags og dótturfélags í samstæðu sbr. 2. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.*

*e. Skjöl er sýna yfirfærslu fasteigna milli félaga vegna samruna eða skiptingu þeirra eftir ákvæðum XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.*

Bent er á að verði frumvarpið að lögum verða auknar álögur lagðar á fjármögnun fasteigna í formi eignaleigu. Ýmsir aðilar hafa kosið þá leið við fjármögnun á húsnæði, svo sem ríkisstofnanir og aðrir lögaðilar. Ríkisstofnanir hafa þá haft þann kost að fjármagna húsnæði án þess að sækja heimildir í fjárlög, auk þess sem skattaleg sjónarmið kunna að hafa áhrif á að lögaðilar hafi fremur kosið að leigja eign heldur en að eiga hana. SFF leggja því til að bætt verði inn í 6. gr. frumvarpsins f. lið, svohljóðandi: Skjöl er sýna yfirfærslu fasteigna til leigutaka við lok eignaleigusamnings við fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til eignaleigustarfsemi samkvæmt 3. málslíð 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

SFF benda á að mishátt stimpilgjald milli lögaðila og einstaklinga samkvæmt frumvarpinu getur gengið gegn því markmiði frumvarpsins að einfalda álagningu og framkvæmd innheimtu stimpilgjalda. Til að koma í veg fyrir túlkunarvanda kann að vera nauðsynlegt að láta jafnhátt stimpilgjald gilda fyrir einstaklinga og lögaðila eða skýra betur hugtökin einstaklingur og lögaðili í frumvarpinu en í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins segir: „Um skilgreiningar á því hvað teljist einstaklingur og hvað lögaðili er vísað til almennra skilgreininga í lögum. Einstaklingur sem stundar atvinnurekstur og notar til þess eigin kennitölu og einstaklingsfyrirnefningu greiðir þannig lægra gjaldið. Ef bæði einstaklingur og lögaðili eru aðilar að sama gerningi þarf réttindahlutfall hvors um sig að liggja fyrir svo að unnt sé að ákvarða gjaldið með réttum hætti.“ Í framkvæmd virðist það vera svo að einkafyrirnefning geti starfað undir sér kennitölu en samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er þá óljóst hvort viðkomandi aðili telst vera einstaklingur eða lögaðili.

SFF benda á að hentugra er að gjaldstofn stimpilgjalds miðist við fasteignamat en frekar en verð í kaupsamningi eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Einnig er nauðsynlegt að hugað verði að skýru ákvæði sem mæli fyrir um lagaskil milli núgildandi laga og nýrra laga þannig að ekki leiki vafi á um það hvort að stimpilgjald skjals fari eftir dagsetningu skjalsins eða þeim degi sem að stimplun fer fram.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.